

# Fundargerð endurlífgunarráðs (EÍ)



## Fundargerð Endurlífgunarráðs (EÍ), fundur nr. ??

Dags 5. Júní 2018, kl. 16:30

### Mættir:

Hjörtur Oddsson; Linda Björk Markúsdóttir; Sigrún G. Pétursdóttir; Sigurbjörg J Skarphéðinsdóttir; Valdís Anna Garðarsdóttir; Valgerður Hermannsdóttir; Hrafnhildur Lilja Jónsdóttir; Þorsteinn Jónsson.

### Gestur:

Ilmur Dögg Níelsdóttir.

### Boðuð forföll:

Þórður og Hlynur.  
-----

### 1. Kids saves lives - Ilmur segir okkur hver staðan er.

# Góð yfirferð á hvernig "landið" liggur varðandi skyndihjálpar/endurlífgunarkennslu í grunnskólum. Reglulegir fundir og heildarendurskipulagning á námsefni í gangi innan heilsugæslunnar. Samþykkt af Próunarstofu heilsugæslunnar að hefja innleiðingu í haust (6. og 10. bekkur - allir skólar landsins) (sjá betur kynningu frá Ilmi, á eftir að fá hana senda).

# Samþykkt að láta endurlífgunardúkkur EÍ í þetta verkefni (mini-anne, 50 stk).

# Umræður um að auglýsa þetta verkefni í fjölmiðlum.

### 2. Yfirferð síðastu fundargerðar frá 6. mars 2018

# Farið sameiginlega yfir bréf um að gerast félagi í EÍ. Umræður um marga þætti síðustu fundargerðar. Fundargerð samþykkt.

### 3. Ráðstefna í 20.-22. september 2018 - Umræða um hverjir ætla að fara.

- Styrkur EÍ – upphæð?

# Tillaga að ráðið fara á ráðstefnuna, áætlaður kostnaður (c.a. ráðstefna 50.000 + flug 50.000). Umræður um upphæð styrks og útfærslur á því. Sennilega 8 úr ráðinu sem fara á ráðstefnuna, samþykkt 120.000 styrkur.

### 4. Skýrsla EÍ til ERC

# HLJ og HO sjá um skýrslu til ERC.

### 5. Virkni stjórnarmeðlima

# Umræða um hvort aðilar EÍ hafi áhuga á að vera í ráðinu. Formaður ætlar að hafa samband við óvirka aðila og fá frekari upplýsingar.

## **6. ETC á Íslandi**

# Ferli um umsókn til ERC farið af stað, mikil vinna framundan sem mun taka tíma.

## **7. NLS á Íslandi**

# Vökudeild og ljósmæður, 8 klst námskeið. Þrýstingur á að þetta námskeið verði haldið. Komið í ferli innan ERC (bréfaskrif milli HLJ og ERC). 4 kandídatar á Íslandi til að verða kennarar.

## **8. EPALS/EPILS á LSH**

# Áhugi innan LSH að halda fleiri námskeið og "koma sterkar" að þessum námskeiðum (12 manna námskeið), m.a. vegna sérnámslækna. Hugmyndir um að menntadeild LSH kaupi búnað og sæki styrki. Umræða um þörf á þessum námskeiðum. SAK heldur 2 námskeið á ári. LSH þarf að ræða markhóp fyrir þessi námskeið.

## **9. Fréttir - staða reiknings**

- Lokagreiðsla vegna ráðstefnu í Reykjavík

# 122.000 kr. uppgjör fyrir ERC ráðstefnu. 152.000 kr. í "nefskatt" fyrir bækur.

## **10. Önnur mál**

# Umræður um norrænt samstarf, til að samræma meira. Mismunandi hve virk norðurlöndin eru innan ERC. Formaður ætlar að hafa samband vegna samstarfs norðurlanda.

# Í kjölfar á umræðu um lið 1 (Kids saves lives) og brautryðjendastarf sem Ilmur er að vinna, samþykkti ráðið einróma að veita Ilmi Dögg styrk að upphæð 120.000 til að sækja ERC ráðstefnuna í september.

Fundi slitið 18:44

Fundaritari ÞJ.

-----